

Ákvörðun nr. 11/2022
Fimmtudagurinn, 28. apríl 2022

Samruni Fagkaupa ehf. og ÍJ ehf.

1. Þann 17. febrúar 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Fagkaupa ehf. (hér eftir „Fagkaup“) og ÍJ ehf. (hér eftir „ÍJ“). Starfsemi beggja samrunaaðila felst í innflutningi, dreifingu og sölu á pípulagnavörum og innflutningi og sölu á hvítvöru. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum að líða 18. febrúar 2022. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði.
2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá felst starfsemi Fagkaupa og ÍJ í innflutningi, dreifingu og sölu á pípulagningavörum. Með því sé átt við vörur sem notaðar séu innan veggjar eða til dreifingar á heitu og köldu vatni auk fráveitu. Þá felst starfsemi samrunaaðila í innflutningi og sölu á hvítvöru, en Fagkaup sé þó með afar takmarkaða starfsemi á því sviði.
3. Í samrunaskrá kemur fram að Fagkaup sé félag í fullri eigu AKSO ehf. (hér eftir „AKSO“). Árið 2020 hafi verið framkvæmdur félagaréttarlegur samruni innan samstæðu AKSO sem leitt hafi til þess að Fagkaup og Áltak runnu að fullu inn í Johan Rönning ehf. (hér eftir „Johan Rönning“) en nafni Johan Rönning hafi samhliða samrunanum verið breytt í Fagkaup.
4. Þá segir í samrunaskrá að skipta megi starfsemi Fagkaupa í fimm rekstrarsvið og nýtir félagið nokkur vörumerki í starfsemi sinni, þ.e. Sindra og Sindra vinnuföt, Johan Rönning, S. Guðjónsson, Áltak og Vatn og Veitur. *Sindri og Sindri vinnuföt* eru rekstrareiningar undir Fagkaupum, en Sindri selur m.a. rafmagns- og handverkfæri, rafsuðuvörur, loftpressur og festingavörur. *Johan Rönning* sérhæfir sig í þjónustu og sölu á rafbúnaði og rafmagnslausnum til stórnotenda og iðnaðarins. Um er að ræða rafstrengi, tengibúnað, lagnaefni, töflubúnað, stýribúnað, fjarskipta- og hitabúnað sem og ljósabúnað. *S. Guðjónsson* sér um sölu og þjónustu á raflagna- og fjarskiptaefni undir 1000V til rafverktaka og fyrirtækja. Þá er einnig lýsingarsvið þar sem áherslan er sala og ráðgefandi þjónusta til hönnuða, rafverktaka, fyrirtækja og að takmörkuðu leyti til almennings. *Áltak* býður til sölu ýmsar vörur til húsbýgginga, svo sem utanhússklæðningar, iðnaðarhurðir, stiga og hringstiga, hillukerfi, kerfislof, steypumót, hljóðlausnir, glugga og gluggakerfi. *Vatn og Veitur* er rekstrareining í tengslum við vatns- og pípulagnir, frárennsliskerfi og hitabúnað.
5. Undir yfirráðum Fagkaupa er félagið KH Vinnuföt ehf. (hér eftir „KH Vinnuföt“). KH Vinnuföt hefur með höndum sölu og þjónustu á vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm og öryggisvörum, sem og umboðsmennsku fyrir vörumerki á þessu sviði. Þá segir í samrunaskrá að Varma og vélaverk ehf., sé sjálfstætt félag í eigu Fagkaupa, en félagið selur og þjónustar sérhæfðan búnað fyrir veitufyrirtæki, sjávarútveg og iðnað.
6. Þá á Fagkaup fjögur dótturfélög sem stofnuð voru til þess að halda utan um nöfn rekstrareininga innan félagsins, en það eru félögin Johan Rönning ehf., Áltak ehf., S. Guðjónsson



ehf., og Vatn & veitur ehf. Engin starfsemi er í félögum fjórum, en starfsemi rekstrareininganna fer fram í nafni Fagkaupa ehf.

7. ÍJ er félag sem tók við rekstri verslunar Ísleifs Jónssonar þegar það félag lagði niður starfsemi á síðastliðnu ári, en reksturinn var þó ekki endurreistur í fullri mynd. Skráður tilgangur félagsins er sala vöru og þjónustu, lánstarfsemi, kaup og sala eigna, rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur. Aðalstarfsemi félagsins er sala á vörum til pípulagninga, dælum, salernum, blöndunartækjum, handlaugum, eldhúsvöskum, ofnum og tengdum vörum. ÍJ fer ekki með yferráð í neinum félögum.
8. Um skilgreiningu markaðar segir í samrunaskrá að samrunaaðilar starfi báðir annars vegar á markaði fyrir pípulagnavörur og hins vegar á markaði fyrir innflutning og sölu á hvítvöru.
 - a) Varðandi fyrrgreinda markaðinn kemur fram að átt sé við innflutning, dreifingu og sölu á pípulagningavörum til dreifingar á heitu og köldu vatni auk fráveitu. Vörur sem falla undir þessa skilgreiningu, að mati samrunaaðila, eru t.a.m. neysluvatnslagnir, vatnslagnir, frárennislagnir, festingar, einangrun, sprinkler og brunavarnir, hitabúnaður, vatnsveita, snjóbræðsla og hitaveita. Um þá markaðsskilgreiningu vísa samrunaaðilar til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2017 og nr. 16/2017. Í ákvörðun nr. 16/2017 var fjallað um samruna Johan Rönning hf. (nú Fagkaup) og Vatns og veitna ehf. og var komist að þeirri niðurstöðu að samrunaaðilar störfuðu á undirmörkuðum alhliða byggingavörumarkaðarins, en markaður málsins var fyrst og fremst talinn vera markaður fyrir innflutning og dreifingu á pípulagnavörum. Að mati samrunaaðila er það markaðurinn sem samruni Fagkaupa og ÍJ hefur áhrif á. Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins Ísland.
 - b) Varðandi síðargreinda markaðinn kemur fram að vörur sem skilgreindar séu sem hvítvörur séu hreinlætistæki, s.s. salerniskassar, blöndunartæki, salerni, vaskar, sturtuhausar, baðkór, sturtugler, niðurföll, sturtubotnar, sem og ofnar og aðrir fylgihlutir. Að mati samrunaaðila gætir áhrifa samrunans einungis lítillega á þeim markaði. Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins Ísland.
 - c) Er það jafnframt mat samrunaaðila að markaður fyrir innflutning, dreifingu og sölu pípulagnavara og markaður fyrir innflutning, dreifingu og sölu á hvítvöru, séu tveir náskyldir markaðir, en eðlismunur þeirra þó slíkur að samrunaaðilar telji ekki tækt að fjalla um þá sem einn og sama markaðinn.
9. Þann 3. mars 2022 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögnum hagsmunaaðila um skilgreiningu samrunaaðila á mörkuðum málsins. Einn hagsmunaaðili taldi þær upplýsingar sem fram koma í samrunaskrá um markaðsskilgreiningar vera verulega einfaldaðar og ófullnægjandi. Þá sé umsagnaraðili ósammála samrunaaðilum um að það sé eðlismunur á markaði fyrir hvítvöru og markaði fyrir pípulagningaefni. Aðrir hagsmunaaðilar gerðu ekki athugasemdir við markaðsskilgreiningar samrunaaðila.
10. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina markað málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið og gert hefur verið í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Að virtum fyrirliggjandi upplýsingum í samrunaskrá er það því mat Samkeppniseftirlitsins að hafa megi hliðsjón af markaðsskilgreiningu samrunaaðila við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins er þó ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til afmörkun vörumarkaða málsins.



11. Í samrunaskrá segir að það sé mat samrunaaðila að samkeppnisleg áhrif samrunans séu óveruleg. Hvorugur samrunaaðila hafi markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir innflutning og dreifingu pípulagningarvara, né markaði fyrir innflutning og sölu hvítvöru. Þá hafi samruninn það ekki í för með sér að markaðsráðandi staða myndist í kjölfar samrunans.
12. Undir meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila um áhrif samrunans. Bárust Samkeppniseftirlitinu þrjár efnislegar umsagnir og voru þær allar háðar trúnaði. Jafnframt fundaði Samkeppniseftirlitið með hagsmunaaðilum.
- a) Í umsögn hagsmunaaðila 1 kom fram að umsagnaraðili teldi ekki nóg að horfa einungis til markaðshlutdeildar því sameinað félag myndi til með að hafa mjög sterka stöðu á ýmsum tengdum mörkuðum. Þá sé mikil hættu á samtvinnun, en Fagkaup sé að líkindum stærsti söluaðili á byggingarvörum til fagaðila og verktaka á Íslandi og því sé samruninn varhugaverður út frá samkeppnislegum sjónarmiðum.
- b) Í umsögn hagsmunaaðila 2 kom fram að með samrunanum myndaðist mjög stór samkeppnisaðili sem myndi hafa töluverð áhrif á samkeppnisstöðu aðila á markaði. Samruninn myndi styrkja sterka stöðu Fagkaupa á markaði enn frekar.
- c) Í umsögn hagsmunaaðila 3 kom fram að samruninn myndi ekki skaða hagsmuni almennings en geti raskað samkeppni þar sem eignarhaldið á byggingarmarkaðnum færir á færri hendur. Þá sé ákveðin hættu á niðurgreiðslu á ákveðnum sviðum þegar aðilar stækki með þessu móti, án þess að það hafi áhrif á reksturinn.
13. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Fagkaupa ehf. á öllum rekstrarfjármunum félagsins ÍJ ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson